

Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir
Erna Hrönn Geirsdóttir
Borgartúni 7a
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2024
UST202403-161/A.B.
10.00

Efni: Umsögn - uppsetning á fjarskiptamastri við Gullfoss

Vísað er til erindis sérfræðings Framkvæmdasýslu ríkiseignir (FSRE) er barst 8. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar varðar uppsetningu á fjarskiptamastri við Gullfoss.

Í erindinu kemur fram að FSRE óskar eftir umsögn UST er varðar uppsetningu á fjarskiptamastri við Gullfoss en Íslandsturnar hafa sent inn fyrirspurn um hvort leyfi fengist til að setja upp mastrið á Gullfossi sem er auðvitað náttúruperla og friðland.

Lagðar eru fram hugmyndir Íslandsturna um uppsetningu á mastriinu annars vegar að staðsetja það á húsið með lítilli súlu og tækjaskáp inni/úti eða staðsetja fjarskipta staur við hlið spennistöðvar á bílastæði.

Áhrif á verndarsvæði

Að mati Umhverfisstofnunar eru neikvæð áhrif framkvæmdarinnar ekki mikil ef mastrið er nálægt húsum og uppbyggingu við efra bílastæði við Gullfoss ef lægra mastur er valið.

Hins vegar getur hærra fjarskiptamastur haft neikvæð sjónræn áhrif og skert upplifun gesta á svæðinu. Jákvæðu áhrifin gætu verið að fjarskiptasamband verður betra á svæðinu, en á neðra svæði við Gullfoss hefur verið slæmt gsm samband. Auk þess er það mat Umhverfisstofnunar að rask á landi ætti að vera lítið þar sem þetta yrði á húsi eða við aðrar byggingar á svæðinu

Einnig telur stofnunin að gestir ættu ekki að verða fyrir truflun á meðan framkvæmd stendur, en mikilvægt er að tryggja að ekki sé skilið eftir rusl að verkefni loknu og sjá til þess að gengið verði vel frá umhverfis verkstað þar sem fjöldi fólks fer um svæðið dag hvern.

Mikilvægt er að framkvæmdaraðilar yrðu vel merktir og myndu afmarka verkstað með keilum eða einhverju álíka til þess að fyrirbyggja að gestir svæðisins yrðu fyrir slysi.

Leyta þarf samþykkis rekstraraðila á svæðinu áður en framkvæmdir hefjast og hafa samband við sérfræðing svæðisins ef af þessu verður varðandi staðsetningu og hæð á fjarskiptamastri. Fjarskiptamastur gæti bætt fjarskiptasamband á neðra svæði við Gullfoss og þannig aukið öryggi á svæðinu.

Leyfisveitingar

Umhverfisstofnun veitir hér með umsögn um varðandi verkefnið, en bendir á að með umsögninni hefur stofnunin ekki veitt leyfi fyrir framkvæmdinni. Leita skal því leyfis Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdinni samanber reglur í auglýsing um friðland við Gullfoss þar sem segir: „*Mannvirkjagerð og jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu eru óheimilar án leyfis [Umhverfisstofnunar].*”¹ Sækja skal um leyfið á þar til gerðu eyðublaði í þjónustugátt stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Valdimar Kristjánsson

sérfræðingur

¹ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/gullfoss_141_1979.pdf